

**SKIPULAGSSKRÁ**  
**fyrir Menningarsjóð Önnu Ingibjargar Eyjólfssdóttur**  
**og Eriks Alfreds Johanson frá Flateyri.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Önnu Ingibjargar Eyjólfssdóttur og Eriks Alfreds Johanson, frá Flateyri. Heimili og varnarþing sjóðsins er á Flateyri.

2. gr.

Sjóðurinn var stofnaður af Önnu Ingibjörgu Eyjólfssdóttur og Erik Alfred Johanson, með erfðaskrá undirritaðri 27. september 1948, með 93.940,20 kr. framlagi. Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða. Staðfesting forseta Íslands á sjóðnum var útgefin 17. október 1952.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í ríkisskuldabréfum eða hjá Nýja Landsbanka Íslands.

4. gr.

Styrkveiting sjóðsins skal vera vaxtatekjur sjóðsins og miðast við eignir sjóðsins 31. desember 2007. Vaxtatekjur sjóðsins fyrir árið 2008 og framvegis skulu leggjast inn á sér reikning í Nýja Landsbanka Íslands og vera sjóðstjórn til ráðstöfunar.

5. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja önfírskt handverksfólk til þess að kynnast nýjum aðferðum, efnisnotkun og gerð handunninnar vöru og efla þannig skapandi, menningartengda starfsemi. Einnig er það markmið sjóðsins að styrkja sýningarhald og varðveislu muna í minjasafninu að Hafnarstræti 3-5 á Flateyri.

6. gr.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

7. gr.

Styrkur til handverks má nema  $\frac{2}{3}$  af tekjum sjóðsins hvert ár. Styrkur til varðveislu muna og sýningarhalds má nema allt að  $\frac{1}{3}$  af árlegum tekjum.

8. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Formaður sjóðstjórnar skal vera elsti sonur Jóns Eyjólfssonar á Flateyri, en síðan afkomanda hans. Annar stjórnarmaður skal tilnefndur af Landssambandi íslenskra iðnaðarmanna og hinn þriðji af iðnaðaráðherra. Tilkynna skal sjóðaskrá hjá sýslumanninum á Sauðárkróki um breytingar á stjórn sjóðsins.

Stjórnin skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, varðveita eignir hans og úthluta styrkjum.

Nr. 1245

18. desember 2008

9. gr.

Reikningsárið er almanaksárið. Reikninga sjóðsins skal, fyrir 30. júní ár hvert, senda Ríkisendurskoðun. Stjórн velur endurskoðanda/skoðunarmann fyrir sjóðinn.

10. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 5. gr. hér að ofan. Samþykki sýslumannsins á Sauðárkróki þarf fyrir breytingu, sameiningu eða niðurlagningu sjóðsins.

11. gr.

Þegar ákvæði skipulagsskrár þessarar ná ekki yfir það hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagskrá, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt. Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

12. gr.

Með skipulagsskrá þessari er felld úr gildi skipulagsskrá dags. 18. apríl 1952 fyrir Menningarsjóð Önnu Ingibjargar Eyjólfssdóttur og Eriks Alfreds Johanson frá Flateyri.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 18. desember 2008.*

**Ríkarður Másson.**

*Helgi Már Ólafsson.*

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2009